

**EKKI TIL BIRTINGAR EÐA DREIFINGAR Í BANDARÍKJUNUM, KANADA, ÁSTRALÍU EÐA ANNARRI
LÖGSÖGU ÞAR SEM SLÍKT YRÐI TALIÐ ÓLÖGLEGT**

TILBOÐSYFIRLIT

**VALFRJÁLST TILBOÐ
TIL EINKAHLUTHAFA¹⁾**

**Atlantic Airways P/f
(skráningarnr. í fyrirtækjaskrá 1223)**

**(¹⁾Allir hluthafar Atlantic Airways P/f, að undanskyldu Vinnumálaráðinu
(Føroya Landsstýri) og Atlantic Airways P/f)**

7. mars 2014

MIKILVÆGAR TILKYNNINGAR VARÐANDI TILBOÐIÐ

Þetta tilboðsyfirlit og viðaukar við það hafa að geyma mikilvægar upplýsingar sem ætti að lesa vandlega yfir áður en ákvörðun er tekin um samþykki tilboðsins.

Enginn hefur heimild til að veita upplýsingar eða gefa yfirlýsingar fyrir hönd tilboðsgjafa, Atlantic Airways P/f, eða tengdra aðila, varðandi tilboðið sem ekki koma fram í þessu tilboðsyfirliti, þar með talið viðaukum þess. Ef slíkar upplýsingar eða yfirlýsingar eru gefnar, er ekki hægt að treysta á að veitt hafi verið heimild fyrir því.

Tilboðsgerðin gefur ekki með neinum hætti til kynna að það hafi ekki orðið neinar breytingar varðandi málefni Atlantic Airways P/f, tilboðsgjafa, frá dagsetningu tilboðsyfirlitsins eða að upplýsingar í tilboðsyfirlitinu eða í gögnum sem vísað er til í yfirlitinu séu réttar frá dagsetningu yfirlitsins eða gagnanna.

HUGTÖK

Ákveðin skilgreind hugtök sem notuð eru í þessu tilboðsyfirliti eru talin upp í 7. kafla.

GILDANDI LÖG

Tilboðið, sem lýst er í þessu tilboðsyfirliti, er valfrjálst tilboð samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007, með síðari breytingum. Íslensk lög gilda um tilboðið og samþykki þess.

Tilboðið er gert í þau hlutabréf Atlantic Airways, sem ekki eru í eigu Vinnumálaráðsins (hér eftir nefnt „Føroya Landsstýri“) eða Atlantic Airways (þessi hlutabréf verða hér eftir nefnd hlutabréf í einkaeign, eign einkahluthafa). Hlutabréf Atlantic Airways eru skráð á NASDAQ OMX Iceland en eru einnig skráð á NASDAQ OMX Copenhagen án samþykkis félagsins (e. unsponsored listing). Tilboðið er háð reglum um upplýsingaskyldu samkvæmt íslenskum lögum, en upplýsingar verða hins vegar birtar samtímis á dönskum markaði af NASDAQ OMX Copenhagen. Tilboðið er ekki gert, beint eða óbeint, í eða til Bandaríkjanna, Kanada, Ástralíu, Japan eða Suður Afríku og tilboðið gildir ekki og ekki er hægt að samþykkja það frá Bandaríkjunum, Kanada, Ástralíu, Japan eða Suður Afríku.

Tilboðið beinist ekki að hluthöfum sem gera þyrftu frekari ráðstafanir fyrir vegna þátttöku í tilboðinu en krafðist er samkvæmt íslenskum lögum, s.s. með útgáfu tilboðsyfirlits, skráningar eða annarra ráðstafana. Tilboðið er ekki gert, beint eða óbeint, til hluthafa sem búsettir eru í lögsögu þar sem gerð tilboðsins eða samþykki þess myndi brjóta gegn lögum þeirrar lögsögu, og ekki er heimilt að dreifa þessu tilboðsyfirliti til hluthafa sem búsettir eru í slíkri lögsögu. Gert er ráð fyrir að hver aðili sem fær þetta tilboðsyfirlit í hendur hafi fengið nauðsynleg samþykki eftirlitsaðila, upplýsingar um allar viðeigandi takmarkanir varðandi hann og að hann fylgi slíkum takmörkunum.

BREYTINGAR Á TILBOÐSYFIRLITINU

Allar breytingar á skilmálum eða skilyrðum, sem fram koma í þessu tilboðsyfirliti varðandi tilboðið, verða birtar opinberlega í samræmi við 3. mgr. 107. gr. og 114. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007.

TUNGUMÁL

Tilboðsyfirlitið var samið á ensku og þýtt yfir á íslensku. Ef misræmi er á milli skjalanna þá hefur Fjármálaeftirlitið staðfest, með vísan í 3. mgr. 113. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007, að enski textinn gildi.

Fjármálaeftirlitið hefur aðeins staðfest ensku útgáfuna, sbr. 2. og 3. mgr. 113. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007. Þess vegna gildir enska útgáfan komi upp misræmi milli skjalanna.

FRAMTÍÐARYFIRLÝSINGAR

Í tilboðsyfirlitinu má finna yfirlýsingar sem snúa að atvikum eða atburðum í framtíðinni, þar á meðal yfirlýsingar um framtíðarárangur, vöxt eða aðrar spár um þróun og hagnað varðandi tilboðið. Slíkar yfirlýsingar má jafnan, en ekki alltaf, greina með orðalagi eins og „býst við“, „gerir ráð fyrir“, „áætla“, „mun“, „hyggst“, „spáir“, „metur“ eða sambærilegu orðalagi. Í eðli sínu fela yfirlýsingar varðandi framtíðina í sér áhættu og óvissu þar sem þær varða atburði og aðstæður í framtíðinni. Ekki er hægt að veita neina vissu fyrir því að niðurstöður verði ekki frábrugðnar, jafnvel verulega frábrugðnar, slíkum framtíðaryfirlýsingum af mörgum ástæðum, líka ástæðum sem tilboðsgjafi hefur ekki stjórn á, þar með talið breytingar á efnahagsaðstæðum, vaxtastigi, sveiflum á eftirspurn eftir vörum eða þjónustu Atlantic Airways, samkeppni, tækniþróun, starfmannamálum, stjórnsýslu, gengissveiflum og hugsanlegri þörf á auknum fjárfestingum (þar á meðal vegna aukinnar eftirspurnar, nýrra víðskiptatækifæra og þróunar nýrrar tækni).

BINDANDI SAMÞYKKI

Hluthöfum er bent á að ef þeir samþykkja tilboðið, þá er samþykki þeirra óafturkræft og bindandi, nema að því marki sem greinir í þessu tilboðsyfirliti eða tilboðsgjafi tilkynni að fallið verði frá tilboðinu. Áhrifum á möguleg samþykki hluthafa á tilboðinu vegna samkeppnistilboðs og hámarkstíma tilboðs er lýst í 3. kafla þessa tilboðsyfirlits.

Samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007, með síðari breytingum, leggur Atlantic Airways hér með fram valfrjálst skilyrt tilboð til einkahluthafa:

Atlantic Airways P/f
(Skrás.nr. í fyrirtækjaskrá Færeyja: 1223)
Vága floghavn
FO-380 Sørvgur, Færeyjar

varðandi kaup á öllum útistandandi hlutum í Atlantic Airways gegn greiðslu í reiðufé samkvæmt skilmálum og skilyrðum sem tilgreind eru í þessu tilboðsyfirliti.

Tilboðið gildir frá og með 13. mars 2014 og rennur út þriðjudaginn 22. apríl 2014 kl. 16.00 (færeyskum tíma) eða þegar framlenging tilboðstímans rennur út, ef við á. Samþykki við tilboðinu þarf að berast VP Securities (Umboð fyrir útgefanda hlutabréfanna) vegna hluta sem skráðir eru á NASDAQ OMX Iceland eða á NASDAQ OMX Copenhagen, í gegnum vörslubanka eða verðbréfamiðlara tilboðshafa áður en tilboðstíminn rennur út, eins og nánar er lýst í 3. kafla hér að neðan. Atlantic Airways áskilur sér rétt til að framlengja tilboðstímann eins og lýst er í 3. kafla hér að neðan.

Tilboðsverðið er 4.403,28 íslenskar krónur eða 210 danskar krónur í reiðufé fyrir hvern hlut í Atlantic Airways (ISIN kóði IS0000000062), að nafnvirði 100 danskar krónur hver. Ef Atlantic Airways greiðir út arð eða aðrar greiðslur til hluthafa sinna fyrir uppgjör tilboðsins, skal tilboðsverðið lækka á hvern hlut sem nemur slíkum arði eða öðrum útgreiðslum (ISK fyrir ISK og DKK fyrir DKK).

Stjórn Atlantic Airways mun láta framkvæma og gera opinbera sérstaka greinargerð um tilboðið, sem mun innihalda greinargerð frá Straumi fjárfestingabanka hf. í samræmi við 104. gr. laga um verðbréfavíðskipti. Greinargerðin verður gerð opinber eigi síðar en einni viku áður en tilboðstíminn rennur út.

Við útgáfu tilboðsyfirlitsins á Atlantic Airways 11.111 eigin hluti sem samsvarar um það bil 1,07% prósent útistandandi hluta í félaginu. Atlantic Airways hefur ekki atkvæðisrétt í félaginu. Føroya Landsstýri á 693.450 hluti í Atlantic Airways, sem samsvarar um það bil 67% útistandandi hluta í félaginu. Atlantic Airways og Føroya Landsstýri eru í samstarfi.

Tveir starfsmenn Atlantic Airways, samkvæmt skilgreiningu í kafla 7.1 hér að neðan, eru stjórnarmenn í félaginu. Ingi S. Joensen á samtals 197 hluti í Atlantic Airways, sem samsvarar 0,02% útistandandi hluta og atkvæðaréttar. Olaf S. Poulsen á samtals 383 hluti í Atlantic Airways, sem samsvarar 0,04% útistandandi hluta og atkvæðaréttar.

Marius Davidsen er fjármálastjóri félagsins. Marius Davidsen á hluti sem samsvara 0,14% af hlutum félagsins. Kaj Johannesen er stjórnarmaður í félaginu. Hann er tengdur einum af einkahluthöfum félagsins, P/f Enniberg, sem á 50.254 hluti, sem samsvarar 4,86% af hlutum félagsins. Hlutirnir eru skráðir á NASDAQ OMX Iceland, en þeir eru einnig skráð á NASDAQ OMX Copenhagen án samþykkis félagsins (e. unsponsored listing). Vegna höfuðsskráningarinnar á Íslandi gilda íslenskar yfirtökureglur.

Atlantic Airways er hlutafélag, skrásett í Færeyjum. Føroya Landsstýri (Vinumálaráðið) á 67% af hlutafé félagsins, sem samsvarar 693.450 hlutum af samtals 1.035.000 hlutum (1.023.889 hlutir að undanskildum eigin hlutum). Tilboðið frá Atlantic Airways beinist aðeins að einkahluthöfum félagsins, sem eiga 33% af öllu hlutafé félagsins, sem samsvarar 341.550 hlutum (330.439 hlutir að undanskildum eigin hlutum).

Stjórn Atlantic Airways samanstendur af 6 stjórnarmönnum. Fjórir stjórnarmenn eru kosnir á árlegum aðalfundi félagsins en tveir stjórnarmenn eru valdir af starfsmönnum félagsins. Ef einkahluthafar félagsins, sem eiga samtals a.m.k. 248.400 hluti eða 24% af hlutafé félagsins samþykkja tilboðið, er ætlunin að útistandandi einkahlutir sæti innlausn, félagið verði afskráð af hlutabréfamarkaði, og Føroya Landsstýri verði eini hluthafi félagsins. Ætlunin er ekki að selja neina hluti til einkahluthafa. Ætlunin er að Føroya Landsstýri verði eini hluthafinn eftir að einkahlutirnir hafa sætt innlausn.

Samningaviðræður hafa átt sér stað á milli stjórnar Atlantic Airways og Føroya Landsstýri, sem hafa tekið ákvörðun um að leggja mál þetta fyrir færeyska þingið til samþykktar. Í þessu sambandi hafa Atlantic Airways og Vinnumálaráðið ákveðið, að ef a.m.k. 24% af öllum hluthöfum félagsins samþykkja tilboðið, muni Føroya Landsstýri hafa möguleika á að beita innlausnarrétti á hendur þeim einkahluthöfum félagsins sem eftir eru.

Samkvæmt færeyskum lögum um hlutafélög er það skilyrði fyrir að unnt sé að beita innlausnarrétti, að sá hluthafi sem vill beita innlausnarréttinum, eigi minnst 90% af hlutum félagsins.

Ef einkahluthafar, sem eiga minnst 24% af hlutafé félagsins selja hluti sína til Atlantic Airways, mun Vinnumálaráðið beint og óbein eiga minnst 90% af hlutum félagsins og hefur þar með öðlast innlausnarrétt samkvæmt gr. 69-73 í færeyskum lögum um hlutafélög. Sama regla gildir samkvæmt 110. gr. verðbréfavíðskiptalaga.

Tilboðið verður fjármagnað 50% með eigin fé félagsins og 50% með nýjum lánum. BankNordik ábyrgist greiðslu fyrir hlutina í samræmi við 5. mgr. 103. gr. laga um verðbréfavíðskipti.

Tilboðið er bundið ákveðnum skilyrðum. Atlantic Airways áskilur sér rétt til að falla frá einu eða fleiri skilyrðum tilboðsins. Skilmálar og skilyrði tilboðsins koma fram í 3. kafla hér að neðan.

Atlantic Airways hefur ekki gert neina samninga í tengslum við tilboðið, þar með talið samninga við félagið eða hluthafa þess varðandi kaup á hlutum síðar eða beitingu atkvæðaréttar í félaginu.

Enginn af stjórnarmönnum eða stjórnendum félagsins hefur fengið eða mun fá þóknun, laun, hluti, kauprétti eða annars konar greiðslu frá Atlantic Airways eða tengdum aðilum í tengslum við tilboðið, nema vegna mögulegrar sölu stjórnarmanna eða stjórnenda á hlutum í samræmi við tilboðið.

Atlantic Airways og Føroya Landsstýri hafa ekki keypt hluti í félaginu á verði sem er hærra en tilboðsverðið á síðustu 6 mánuðum fyrir útgáfu tilboðsyfirlitsins.

Atlantic Airways og fjárhagslega tengdir aðilar hafa ekki keypt hluti í félaginu á verði sem er hærra en tilboðsverðið á síðustu 6 mánuðum fyrir útgáfu tilboðsyfirlitsins.

Atlantic Airways staðfestir, að öllum samningum sem Atlantic Airways veit um og skipta máli við mat á tilboðinu, er lýst í þessu tilboðsyfirliti.

2 ÁSTÆÐUR FYRIR TILBOÐINU OG HORFUR FYRIR ATLANTIC AIRWAYS

Atlantic Airways var stofnað árið 1987. Tilgangur félagsins er flugrekstur og annar skyldur rekstur.

Stuttu eftir að félagið var stofnað, gerðist Føroya Landsstýri einkahluthafi félagsins. Félagið hefur frá stofnun þess sinnt áætlunarflugi til og frá Færeyjum.

Á fyrstu árum sínum sinnti félagið áætlunarflugi milli Færeyja og nærliggjandi landa, en seinna fór félagið einnig að stunda leiguflug. Árið 2005 varð félagið eina félagið sem stundaði áætlunarflug til Færeyja, þar sem Maersk Air hætti að fljúga til Færeyja. Á tímabilinu maí til desember 2006 hóf annað færeyskt félag samkeppni á flugleiðinni milli Færeyja og Kaupmannahafnar, en varð að hætta rekstri.

Árið 2006 hóf Føroya Landsstýri ferli með það að markmiði að einkavæða félagið. Við samþykkt færeyska þingsins á lögum nr. 102 frá 4. desember 2006 varð landsstjórninni í Færeyjum heimilt að einkavæða félagið. Í lögnum var ákvæði um að selja skyldi þriðjung félagsins til einkahluthafa. Árið 2007 var félagið skráð á NASDAQ OMX Iceland og árið 2008 á NASDAQ OMX Copenhagen.

Þegar félagið var einkavætt, opinberaði Føroya Landsstýri þau áform sín um að selja skyldi annan þriðjung af félaginu til einkahluthafa, þó með því skilyrði að þingið samþykkti þar til gerðar breytingar á lögum.

Stjórn félagsins hefur síðan staðfest, að meirihluti er ekki meðal þingmanna fyrir frekari einkavæðingu félagsins.

Þetta hefur leitt til óánægju meðal einkahluthafa félagsins. Seinustu árin hafa verið lítil viðskipti með hlutabréfin og verð þeirra hefur fallið verulega síðan félagið var skráð á NASDAQ OMX Iceland og NASDAQ OMX Copenhagen. Þegar félagið var skráð á NASDAQ OMX Iceland var verð hlutabréfanna 261 danskar krónur fyrir hvern hlut. Föstudaginn 7. febrúar 2014, einum viðskiptadegi fyrir mánudaginn 10. febrúar 2014, þegar Atlantic Airways lýsti yfir ætlun sinni um að kaupa aftur einkahluti félagsins, var gengi bréfa félagsins við lokun markaða annars vegar 141 danskar krónur á hlut hjá NASDAQ OMX Iceland og hins vegar 148 danskar krónur á hlut hjá NASDAQ OMX Copenhagen. Þess vegna er tilboðsverðið annars vegar 48,9% og hins vegar 41,9% yfir lokagengi hlutabréfa Atlantic Airways 7. febrúar 2014 hjá NASDAQ OMX Iceland og NASDAQ OMX Copenhagen.

Stjórn félagsins er kunnugt um að ákveðnir stærri einkahluthafar hafa í einhverjum tilvikum leitað til Føroya Landsstýri og óskað eftir að hún keypti aftur hluti frá einkahluthöfum. Einkahluthafarnir hafa í fleiri tilvikum, t.d. í júlí 2012 og janúar 2014 boðið Føroya Landsstýri að kaupa hlutina aftur fyrir 220 danskar krónur hvern hlut (samanborið við núverandi tilboð). Ákveðnir stærri einkahluthafar hafa einnig lagt til að félagið keypti til baka einkahlutina og að hluti þeirra yrði greiddur í reiðufé og hluti verðsins yrði fjármagnað með nýju láni, sem félagið tæki.

Eftir að hafa verið upplýstir um óskir einkahluthafa um selja hluti sína aftur til landsstjórnarinnar í Færeyjum, hefur stjórn félagsins átt viðræður við Føroya Landsstýri um að kaupa aftur einkahlutina.

Føroya Landsstýri hefur upplýst stjórn félagsins um að landsstjórnin hafi engan áhuga á að kaupa aftur einkahlutina. Á þeim grundvelli hefur stjórn félagsins lagt fram tillögu um að Føroya Landsstýri samþykkir áætlun þess varðandi kaup af einkahlutum félagsins.

Kaupin á hlutunum eins og þeim er lýst í þessu tilboðsyfirliti verða fjármögnuð af félaginu með u.þ.b. 50% reiðufé og u.þ.b. 50% með nýjum lánum. Athugun hefur verið gerð á fjárhagslegum styrk félagsins í tengslum við kaup á hlutunum. Stjórnin hefur komist að samkomulagi um að í núverandi fjárhagslegum aðstæðum félagsins sé því fært að greiða 210 danskar krónur fyrir hvern hlut. Það er mikilvægt að leggja áherslu á, að sú ákvörðun stjórnar að bjóða 210 danskar krónur fyrir hvern hlut, er fyrst og fremst byggð á beiðni um að koma til móts við óskir ákveðinna einkahluthafa um endurkaup félagsins og einnig mati á fjárhagslegri getu Atlantic Airways. Af þessum orsökum er tilboðsverðið fyrir hvern hlut, 210 danskar krónur, ekki byggt á óháðu verðmati á undirliggjandi hlutum í Atlantic Airways .

Tilboðið til hluthafanna er einnig byggt á óskum nokkurra hinna helstu einkahluthafa um að hlutir þeirra verði keyptir af Føroya Landsstýri. Þessi ósk var síðast lögð fyrir Føroya Landsstýri í nóvember 2013. Einnig er það markmið stjórnar félagsins að veita hluthöfum sínum tilboð, sem er hærra en markaðsverð daginn áður en tilkynnt var opinberlega að tilboð yrði lagt fram um að kaupa til baka hluti í einkaeigu. Þar sem tilboðið er hærra en verðið á hlutum Atlantic Airways við lokun markaða hjá NASDAQ OMX Iceland og NASDAQ OMX Copenhagen, annars vegar 41,9% og hins vegar 48,9%, hefur stjórn félagsins þar með náð markmiði sínu.

Samanlagður kostnaður vegna kaupa á hlutunum er áætlaður 72.000.000 danskar krónur. Félagið ætlar að fjármagna 36.000.000 danskar krónur af kostnaðinum með lánum, samsvarandi 50% af áætluðum heildarkostnaði, meðan hinn helmingurinn verður fjármagnaður með eigin fé félagsins.

Vísað er til 4. kafla, Lýsing á Atlantic Airways.

3 SKILMÁLAR, SKILYRÐI OG SAMÞYKKISFERLI TILBOÐSINS

TILBOÐSGJAFI

Tilboðsgjafi er Atlantic Airways, færeyskt félag með skráningarnúmer 1223 í fyrirtækjaskrá Færeyja, með skráða starfsstöð að Vága Floghavn, FO-380 Sørvágur, Færeyjum (hér eftir „tilboðsgjafi“).

Tilboðsgjafinn og Føroya Landsstýri eru í samstarfi.

TILBOÐSHAFAR

Tilboðið nær til allra hluta í Atlantic Airways sem eru ekki nú þegar í eigu Føroya Landsstýris, eða í eigu Atlantic Airways, þann dag sem tilboðið er gert. Afrit af þessu tilboðsyfirliti verður sent til allra hluthafa Atlantic Airways sem skráðir eru í hlutaskrá að morgni föstudagsins 7. mars 2014, ásamt samþykktareyðublaði. Enn fremur er hægt að nálgast tilboðsyfirlitið á heimasíðu Atlantic Airways, www.atlantic.fo.

UMFANG YFIRRÁÐA

Fyrir tilboðið á Atlantic Airways 1,07% eignarhlut í Atlantic Airways. Það er skilyrði, að tilboði félagsins um kaup á hlutum sé samþykkt af að hámarki 31,93% og lágmarki 24% hluthafa.

TILBOÐSVERÐ

Tilboðsverðið fyrir einkahluthafa Atlantic Airways er 4.403,28 íslenskar krónur, eða 210 danskar krónur í reiðufé fyrir hvern hlut (nafnvirði 100 danskar krónur) (ISIN kóði: IS0000000062).

Tilboðsgjafi og Føroya Landsstýri hafa ekki keypt hluti á hærra verði síðustu sex mánuði fyrir tilboðið.

Tilboðsverðið, og uppgjör á því, uppfyllir kröfur fyrir skyldubundin yfirtökutilboð samkvæmt 2.–4. mgr. 103. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007.

FJÁRMÖGNUN

Tilboðið verður fjármagnað 50% með eigin fé félagsins og 50% með nýjum lánum. BankNordik ábyrgist greiðslu Atlantic Airways fyrir hlutina samkvæmt tilboðinu.

GREIÐSLUSKILMÁLAR OG UPPGJÖR

Greiðsla fyrir hluti fer fram í reiðufé, í íslenskum krónum fyrir hluti skráða á Íslandi og í dönskum krónum fyrir hluti skráða í Danmörku. Ef hluthafar, sem eiga hluti skráða á NASDAQ OMX Copenhagen vilja fá greiðslu í íslenskum krónum, verða þeir að færa hlutina í íslenska verðbréfakerfið áður en þeir samþykkja tilboðið, og nota þá samþykkiseyðublaðið fyrir hluti skráða í íslenska verðbréfakerfinu, sbr. útskýringar að neðan varðandi samþykkisferlið. Ef hluthafar sem eiga hluti skráða á NASDAQ OMX Iceland vilja fá greiðslu í dönskum krónum verða þeir að færa hlutina í danska verðbréfakerfið, áður en þeir samþykkja tilboðið, og nota þá samþykkiseyðublaðið fyrir hluti skráða í danska verðbréfakerfinu, sbr. útskýringar að neðan varðandi samþykkisferlið. Færsla milli verðbréfakerfanna er háð samþykki Seðlabanka Íslands.

Greiðsla fyrir hluti, sem skráðir eru á NASDAQ OMX Iceland og í íslenska verðbréfastofnuninni (uppgjör í íslenskum krónum) verður lögð inn á bankareikning viðkomandi hluthafa, sem tilgreindur er í samþykkiseyðublaðinu.

Greiðsla fyrir hluti, sem skráðir eru á NASDAQ OMX Copenhagen og í danska verðbréfastofnuninni (uppgjör í dönskum krónum) fer fram í gegnum vörslubanka eða verðbréfastofnara hluthafans og verður lögð inn á bankareikning viðkomandi hluthafa.

Greiðsla er háð því að (i) samþykkiseyðublað hafi verið rétt útfyllt eða metið gilt af Atlantic Airways, (ii) að hluthafi eigi reikning hjá reikningsstofnun eða fjármálastofnun, og (iii) að hlutirnir séu ekki veðsettir eða bundnir öðrum kvöðum samkvæmt skráningu á rafrænum verðbréfastofningi. Atlantic Airways áskilur sér rétt til að sannreyna hvort einhver veðbönd eða aðrar kvaðir hvíli á hlutum áður en greiðsla fer fram.

Ef hlutir eru bundnir kvöðum, áskilur Atlantic Airways sér rétt til að líta svo á að tilboðið hafi ekki verið samþykkt, og áskilur sér jafnframt rétt til að semja beint um lausn slíkra kvaða við viðkomandi rétthafa, þar með talið að greiða fyrir hluti í Atlantic Airways til slíks rétthafa sem uppgjör fyrir kröfu sem er á gjalddaga.

Uppgjör skal fara fram innan fimm virkra daga frá því tilboðstíminn rennur út. Búist er við að uppgjör fari fram mánudaginn þann 28. apríl 2014, nema tilboðstíminn verði framlengdur.

Engir vextir verða greiddir ofan á tilboðsverðið. Þetta á einnig við ef greiðsla tefst vegna þess að tilboðstíminn er framlengdur.

Hluthafar eru sjálfir ábyrgir fyrir öllum þóknunum til verðbréfastofnara og öðrum kostnaði sem til fellur vegna sölu þeirra á hlutum samkvæmt tilboðinu.

Tilboðsgjafi mun geta beitt atkvæðarétti sem fylgir keyptum hlutum þegar greiðsla og afhending hefur farið fram og tilboðsgjafi hefur verið skráður sem eigandi hlutanna í hlutaskrá félagsins.

UPPGJÖRSAÐILI OG RÁÐGJAFI

Öllum spurningum varðandi uppgjör og samþykki hluthafa á tilboðinu má beina til vörslubanka hluthafa eða viðkomandi banka sem ber ábyrgð á uppgjöri tilboðsins í Danmörku og á Íslandi.

Að því er varðar uppgjör hluta sem eru skráðir á NASDAQ OMX Iceland og í íslenska verðbréfastofnuninni (uppgjör í íslenskum krónum), skulu hluthafar hafa samband við:

VP Securities A/S, Weidekampsgade 14, DK-2300 Copenhagen S, Danmark

Að því er varðar uppgjör hluta sem eru skráðir á NASDAQ OMX Copenhagen og í danska verðbréfastofnuninni (uppgjör í dönskum krónum), skulu hluthafar hafa samband við:

VP Securities A/S, Weidekampsgade 14, DK-2300 Copenhagen S, Danmark

GILDISTÍMI TILBOÐS

Tilboðið gildir frá og með fimmtudegi 13. mars 2014 og rennur út þriðjudaginn þann 22. apríl 2014 kl. 16:00 (færeyskum tíma) eða þegar framlenging tilboðstímans rennur út, ef við á. Að því er varðar uppgjör á hlutum skráðum á NASDAQ OMX Iceland og í íslenska verðbréfakerfinu (uppgjör í íslenskum krónum) þarf samþykki tilboðsins að berast VP Securities (Umboð fyrir útgefanda hlutabréfanna) áður en tilboðstíminn rennur út. Að því er varðar uppgjör á hlutum skráðum á NASDAQ OMX Copenhagen og í danska verðbréfakerfinu (uppgjör í dönskum krónum) þarf samþykki við tilboðinu að berast VP Securities (Umboð fyrir útgefanda hlutabréfanna) í gegnum vörslubanka eða verðbréfamiðlara hluthafans áður en tilboðstíminn rennur út.

Tilboðsgjafi áskilur sér rétt til að ákveða hvort samþykkiseyðublað sem berast eftir lok tilboðstímans verði tekin gild.

Framlengja má tilboðstímann að því marki sem heimilað er í íslenskum lögum um verðbréfaviðskipti. Tilboðstíminn er að minnsta kosti fjórar vikur og að hámarki tíu vikur. Fjármálaeftirlitið getur hins vegar framlengt tilboðstímann ef gildar ástæður eru fyrir hendi.

SAMÞYKKI

Samþykki tilboðsins eru óafturkræft og bindandi fyrir hluthafa nema til þess komi að Atlantic Airways tilkynni í samræmi við 114. gr. laga um verðbréfaviðskipti að fallið verði frá tilboðinu. Hluthafar sem hafa samþykkt tilboðið munu áfram vera bundnir af samþykki sínu ef tilboðstíminn er framlengdur.

Öll samþykki munu hins vegar falla sjálfkrafa niður ef tilkynnt er um samkeppnistilboð í hlutina á tilboðstímanum, sem að álit Atlantic Airways felur í sér hærra tilboðsverð og aðra skilmála og skilyrði, sem ekki eru óhagstæðari fyrir hluthafa en skilmálar og skilyrði tilboðsins – nema, og eigi síðar en sjö dögum eftir að samkeppnistilboðið berst, að Atlantic Airways breyti tilboðinu þannig að tilboðsverðið sé jafnt eða hærra en í samkeppnistilboðinu.

Ef Atlantic Airways hækkar tilboðsverðið, eiga þeir hluthafar sem samþykktu tilboðið á lægra verði sjálfkrafa rétt á hærra verðinu ef Atlantic Airways fellur ekki frá tilboðinu síðar. Hluthöfum sem hafa samþykkt tilboðið gefst hins vegar kostur á að velja á milli tilboðanna.

Atlantic Airways áskilur sér allan rétt til að hafna samþykki á tilboði sem það telur ekki vera á réttu formi eða ef samþykki fyrir greiðslunni getur, samkvæmt álit lögfræðiráðgjafa þess, verið ólöglegt eða andstætt skilmálum tilboðsins. Hvorki Atlantic Airways né öðrum ber skylda til að tilkynna um ágalla eða misfellur sem kunna að vera á samþykki tilboðs og baka sér ekki ábyrgð fyrir að tilkynna það ekki.

SAMÞYKKISFERLI

Að því er varðar hluti sem skráðir eru á NASDAQ OMX Iceland og í íslenska verðbréfakerfinu (uppgjör í íslenskum krónum) skulu hluthafar, sem vilja selja hluti sína í samræmi við skilmála og skilyrði tilboðsins, senda samþykkiseyðublað sitt til VP Securities (Umboð fyrir útgefanda hlutabréfanna).

Að því er varðar hluti sem skráðir eru á NASDAQ OMX Copenhagen og í danska verðbréfakerfinu (uppgjör í dönskum krónum) skulu hluthafar, sem vilja selja hluti sína í samræmi við skilmála og

skilyrði tilboðsins, hafa samband við sinn vörslubanka eða verðbréfastofnara og óska eftir því að samþykki þeirra á tilboðinu verði sent til VP Securities (Umboð fyrir útgefanda hlutabréfanna).

Að því er varðar hluti sem skráðir eru á NASDAQ OMX Copenhagen og í danska verðbréfastofninu (uppgjör í dönskum krónum) skulu hluthafar hafa í huga að tilkynna þarf samþykki til vörslubanka eða verðbréfastofnara í tæka tíð til þess að gefa þeim tíma til að afgreiða og tilkynna VP Securities (Umboð fyrir útgefanda hlutabréfanna) samþykkið, áður en tilboðstíminn rennur út.

Hluthafar sem vilja samþykkja tilboðið geta notað samþykkiseyðublað, sem fylgir þessu tilboðsyfirliti.

Hluthöfum er bent á að allir hlutir sem boðnir eru samkvæmt tilboðinu þurfa áfram að vera skráðir í viðkomandi verðbréfastofni í Danmörku og á Íslandi uns uppgjör tilboðsins hefur farið fram. Þar af leiðandi er ekki hægt að óska eftir framsali eða breytingu á skráningu hlutanna milli verðbréfastofnanna á Íslandi og Danmörku, eftir að hlutirnir hafa verið boðnir og bindandi samþykki hefur verið sent til vörslubanka hluthafa.

Allir hlutir sem seldir eru til Atlantic Airways samkvæmt tilboðinu skulu vera veðbanda- og kvaðalausir. Hlutir eru framseldir með öllum arði eða öðrum greiðslum sem Atlantic Airways hefur ekki greitt út fyrir uppgjör tilboðsins. Tilboðsgjafi áskilur sér rétt til að sannreyna hvort veð eða aðrar kvaðir hvíli á hlutunum áður en greitt er.

Enginn kostnaður skal greiðast af hluthöfum, sem samþykkja tilboðið.

TILKYNNING UM NIÐURSTÖÐU

Tilkynning um niðurstöðu tilboðsins verður birt í fréttakerfum NASDAQ OMX Iceland og NASDAQ OMX Copenhagen og á heimasíðu Atlantic Airways (www.atlantic.fo) innan þriggja virkra daga frá því að tilboðstíminn rennur út, í samræmi við 109. gr. laga um verðbréfastofnskipti.

SKILYRÐI

Tilboðið er háð eftirfarandi skilyrðum:

- Það er skilyrði, að við lok tilboðstímans hafi ekki verið gerðar neinar breytingar, engar breytingar séu fyrirhugaðar eða bindandi ákvarðanir teknar varðandi samþykktir, hlutafé, eigin hluti, útgáfu breytilegra skuldabréfa, kauprétti, ábyrgðir eða önnur verðbréf þar með talin verðbréf sem eru beint eða óbeint breytanleg eða skiptanleg í hluti eða sölu, í heild eða að hluta, á mikilvægum eignum eða eignarhlutum í félögum innan samstæðunnar;
- Það er skilyrði, að Atlantic Airways hafi, við lok tilboðstímans, fengið öll nauðsynleg samþykki frá opinberum aðilum með skilyrðum sem Atlantic Airways metur fullnægjandi til að kaupa allt einkahlutafé í Atlantic Airways samkvæmt tilboðinu, og að samkeppnisyfirvöld eða aðrir opinberir aðilar hafi ekki eða hyggist ekki gera athugasemdir sem gætu haft áhrif á tilboðið;
- Það er skilyrði, að við lok tilboðstímans sé frágangur tilboðsins að öðru leyti ekki í hættu eða hindraður vegna laga, reglna eða reglugerða eða úrskurða yfirvalda;

- Það er skilyrði, að við lok tilboðstímans hafi ekkert komið upp, þar á meðal vegna framlagningar eða frágangs tilboðsins, sem hafi eða geti haft verulega slæm áhrif á Atlantic Airways og/eða samstæðuna, starfsemi þess og rekstur, fjárhagslega stöðu, eignir eða horfur og að Atlantic Airways birti ekki neinar upplýsingar sem geta haft verulega slæm áhrif á Atlantic Airways og/eða samstæðuna;
- Það er skilyrði, að minnst tveir þriðjungar hluthafanna á aukaaðalfundi félagsins samþykki tilboð Atlantic Airways um að kaupa alla útistandandi hluti félagsins sem samsvarar 33,0% (31,9% að undanskildum eigin hlutum) af hlutafé félagsins, sem nemur 341.550 hlutum (330.439 hlutir að undanskildum eigin hlutum) fyrir verðið 4.403,28 íslenskar krónur, eða 210 danskar krónur í reiðufé fyrir hvern hlut (nafnvirði 100 danskar krónur).
- Það er skilyrði, að tilboð félagsins verði samþykkt skriflega af einkahluthöfum, sem ekki eiga meira en 31,93% og ekki minna en 24% af öllu hlutafé félagsins áður en tilboðstíminn rennur út.

Afturkalla má tilboðið ef eitthvert skilyrðanna hér fyrir neðan er uppfyllt:

1. Fram kemur samkeppnistilboð í samræmi við lög um verðbréfavíðskipti sem er sambærilegt eða hagstæðara en tilboðið;
2. Skilyrði, sem tilboðið er háð, er ekki uppfyllt;

Afturköllun tilboðsins er háð samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Afturköllun tilboðsins verður gerð opinber í samræmi við 114. gr. laga um verðbréfavíðskipti.

Atlantic Airways er ekki skuldbundið til að kaupa neina hluti og telst ekki hafa keypt neina hluti samkvæmt tilboðinu nema öll ofangreind skilyrði hafa verið uppfyllt eða Atlantic Airways hefur fallið frá þeim.

Atlantic Airways áskilur sér rétt til að falla frá einu eða fleiri skilyrðum hér að ofan og kaupa hluti jafnvel þótt eitt eða fleiri þeirra séu ekki uppfyllt, að hluta til eða að öllu leyti.

FRAMLENGING/HÆKKUN Á TILBOÐINU

Atlantic Airways áskilur sér rétt til að framlengja tilboðstímann og/eða bjóða hluthöfum betri kjör í samræmi við viðeigandi reglur. Tilkynning um slíka framlengingu og/eða breytingar verður gerð opinber í samræmi við 114. gr. laga um verðbréfavíðskipti. Tilkynningin skal tilgreina breyttan tilboðstíma og/eða breytt tilboðsverð, sem mun þá framvegis vera vísað til sem „tilboðstíma“ eða „tilboðsverðs“, eftir því sem við á. Framlenging á tilboðstíma og/eða hækkun á tilboðsverði telst ekki vera nýtt tilboð. Hluthafar sem hafa samþykkt tilboðið munu áfram vera bundnir af samþykki sínu ef tilboðstíminn er framlengdur og/eða ef tilboðsverðið er hækkað. Ef Atlantic Airways hækkar tilboðsverðið munu hluthafar sem samþykktu tilboðið á lægra tilboðsverðinu sjálfkrafa eiga rétt á herra tilboðsverðinu ef Atlantic Airways fellur ekki frá tilboðinu síðar.

Ef Atlantic Airways hækkar tilboðsverðið á síðustu tveimur vikum tilboðstímans, þá mun tilboðið gilda í tvær vikur frá þeim degi sem tilkynning um slíka hækkun er birt, og að öðru leyti í samræmi við ákvæði íslenskra laga.

KAUP Á MARKAÐI

Með fyrirvara um heimildir í viðeigandi lögum, þar með talin nauðsynleg samþykki eða leiðbeiningar frá eftirlitsaðilum, getur Atlantic Airways og tengdir aðilar keypt eða gert ráðstafanir til að kaupa hluti á tilboðstímanum frá hluthöfum sem eru tilbúnir að selja slíka hluti utan tilboðsins, þar með talin eru kaup í kauphöll á markaðsverði eða í utanþingsviðskiptum á umsömdu verði. Öll slík kaup eru háð skilyrðum 3. mgr. 103. gr. laga um verðbréfaviðskipti. Ef greitt er hærra verð í slíkum viðskiptum en kveðið er á um í tilboðinu, mun tilboðsgjafi breyta tilboðinu og bjóða það verð. Ef tilboðsgjafi eða aðilar sem hann er í samstarfi við, greiða hærra verð eða bjóða betri kjör fyrir hlutina næstu þrjá mánuðina eftir að tilboðstíma lýkur, skal greiða þeim hluthöfum sem samþykktu upphaflega tilboðið viðbótargreiðslu sem samsvarar mismuninum.

AÐRIR SKILMÁLAR OG SKILYRÐI

Hluthafar sem samþykkja tilboðið geta neytt atkvæðisréttar á hluthafafundum Atlantic Airways sem kunna að verða haldnir á tilboðstímanum. Þeir munu jafnframt njóta réttar til arðs og annarra útgreiðslna vegna hluta sinna uns gengið hefur verið frá greiðslu og afhendingu og tilboðsgjafi hefur verið skráður eigandi hlutanna í hlutaskrá félagsins.

VIÐBÓTAR RÁÐSTAFANIR

Viðskipti í erlendum gjaldeyri hafa verið háð takmörkunum á Íslandi síðan haustið 2008. Um þau gilda lög um gjaldeyrismál nr. 87/1992, með síðari breytingum („gjaldeyrislögin“). Gjalddeyrislögin kunna að hafa áhrif á erlenda hluthafa félagsins og hluthafa búsetta erlendis ef hlutir þeirra eru til viðskipta á NASDAQ OMX Iceland. Gjalddeyrislögin hafa ekki áhrif á möguleika hluthafa til að samþykkja tilboðið. Hins vegar, geta þau meðal annars haft áhrif á möguleika hluthafa til að umbreyta söluandvirði hlutanna í erlendan gjaldeyri. Nánari upplýsingar um gjalddeyrislögin má finna á heimasíðu Seðlabanka Íslands, www.sedlabanki.is. Erlendir hluthafar og hluthafar búsettir erlendis eru hvattir til að leita sér sérfræðiráðgjafar varðandi gjalddeyrislögin.

SKATTAMÁL

Skattalegar afleiðingar fyrir hluthafa vegna samþykkis tilboðsins fara eftir aðstæðum hvers og eins hluthafa. Hluthöfum Atlantic Airways er ráðlagt að leita sér sérfræðiráðgjafar frá skattaráðgjöfum varðandi skattlagningu hluta vegna tilboðsins.

GILDANDI LÖG OG LÖGSAGA

Íslensk lög gilda um tilboðsyfirlitið, samþykkiseyðublaðið og alla samninga og samskipti milli tilboðsgjafa og hluthafa í tengslum við tilboðið. Öll ágreiningsefni sem upp kunna að koma varðandi efni og framkvæmd tilboðsins skulu lögð fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur til úrlausnar.

TUNGUMÁL

Tilboðsyfirlitið var samið á ensku og þýtt yfir á íslensku. Ef misræmi er á milli skjalanna þá hefur Fjármálaeftirlitið staðfest, með vísan í 3. mgr. 113. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007, að enski textinn gildi.

Fjármálaeftirlitið hefur aðeins staðfest ensku útgáfuna, sbr. 2. og 3. mgr. 113. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007. Þess vegna gildir enska útgáfan komi upp misræmi milli skjalanna.

SKJÖL

Tilboðsyfirlitið ásamt samþykkiseyðublaði verður sent til hluthafa sem skráðir eru í hlutaskrá Atlantic Airways að morgni föstudagsins 7. mars 2014, að frátöldum hluthöfum sem dveljast í lögsögu þar sem dreifing tilboðsins myndi brjóta í bága við lög eða er óheimil af öðrum ástæðum, þar á meðal í Bandaríkjunum, Kanada, Suður Afríku og Ástralíu.

Einnig er hægt að sækja tilboðsyfirlitið á heimasíðu Atlantic Airways , www.atlantic.fo.

HELSTU DAGSETNINGAR TENGDAR TILBOÐINU:

<u>Dagsetning</u>	<u>Viðburður</u>
10. febrúar 2014	Tilkynning um fyrirhugað tilboð
7. mars 2014	Birting tilboðsyfirlits
31. mars 2014	Aukaaðalfundur - Samþykkt tilboðsins
15. apríl 2014	Áætluð tilkynning frá Straumur Fjárfestingabanki hf. í sambandi við tilboðið
22. apríl 2014	Gildistíma tilboðsins lýkur
25. apríl 2014	Áætluð tilkynning um niðurstöðu tilboðsins
28. apríl 2014	Áætlað uppgjör tilboðsins

ALMENN LÝSING

Atlantic Airways var stofnað árið 1987 með það að markmiði að þróa færeyskan flugiðnað og flugþjónustu og með þessu gera Færeyjar samkeppnishæfar á sviði flugreksturs.

Síðan félagið var stofnað, hefur það vaxið úr því að vera lítið fyrirtæki með eina flugvél og takmarkaða möguleika í félag sem rekur nokkrar flugvéla og þyrlur. Í árslok 2013 voru 181 starfsmenn í fullu starfi hjá Atlantic Airways, og rak félagið 4 flugvélar og 2 þyrlur.

Árið 2007 var félagið skráð á NASDAQ OMX Iceland og í 2008 á NASDAQ OMX Copenhagen.

Frekari upplýsingar um Atlantic Airways má finna á heimasíðu Atlantic Airways , www.atlantic.fo.

REKSTRARYFIRLIT

Markmið Atlantic Airways er að flytja fólk og farm með flugi með Færeyjar sem hornstein sinn. Framtíðarsýn félagsins er að gera Færeyingum kleift að ferðast um allan heim, veita bestu mögulegu þjónustu og vera sá flugrekandi, sem verður valinn fram yfir aðra í Færeyjum.

Í samræmi við markmið og framtíðarsýn félagsins kappkostar Atlantic Airways að veita Færeyjum öruggar, markaðsvænlegar, fjölbreyttar og samkeppnishæfar flugferðir um allan heim. Alþjóðlega er það stefna félagsins að vera samkeppnishæft á sérmarkaðum utan Færeyja, og sem fyrirtæki að vera sveigjanlegt, geta aðlagast breytingum tímana og séð tækifærin þegar þau gefast. Stefna félagsins er nú í endurmótun og mun árangurinn væntanlega birtast í lok fyrri helmings ársins 2014.

Heildartekjur Atlantic Airways árið 2012 námu 501,3 milljónum danskra króna, rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og virðisýrnun (EBITDA) var 83,3 milljónir danskar krónur árið 2012 og tekjur eftir skatta námu 14,0 milljónum danskra króna. 31. desember 2012 nam eigið fé 247 milljónum danskra króna og eiginfjárlutfall þar með 49%. Reiðufé nam 97,1 milljónum danskra króna í lok ársins 2012.

Heildartekjur Atlantic Airways árið 2013 námu 542,2 milljónum danskra króna, rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og virðisýrnun (EBITDA) var 81,5 milljónir danskar krónur árið 2012 og tekjur eftir skatta námu 7,4 milljónum danskra króna. 31. desember 2012 nam eigið fé 248 milljónum danskra króna og eiginfjárlutfall þar með 51%. Reiðufé nam 116 milljónum danskra króna í lok ársins 2012.

HELSTU LYKILTÖLUR

Helstu lykiltölur sem settar eru fram í töflunni hér að neðan eru útdráttur af árshlutareikningi Atlantic Airways fyrir 2013. Frekari fjárhagsupplýsingar um Atlantic Airways má finna í ársreikningi félagsins fyrir árið 2013. Hægt er að nálgast ársreikninga og árshlutareikninga Atlantic Airways á heimasíðu félagsins, www.atlantic.fo.

Helstu lykiltölur (DKK milljónir)

	<u>2013</u>	<u>2012</u>	<u>2011</u>	<u>2010</u>
Rekstrarreikningur				
Sala	542	501	436	403
EBITDA	82	83	74	69
Hagnaður (eftir skatta)	7	14	23	12
Efnahagsreikningur				
Heildar eignir	484	500	382	411
Eigið fé	248	247	250	227
Samtals langtímaskuld	142	165	64	67
Sjóðstreymi				
Nettó sjóðstreymi frá rekstrarstarfsemi	74	86	83	62
Netto fjárfestingahreyfingar alls	-24	-188	1	-31
Netto fjármögnunarhreyfingar alls	-31	100	-66	-15
Sjóðstreymi tímabilsins	19	-1	17	16
Lykiltölur				
EBIDITA hagnaður (%)	18	19	19	19
Arðsemi fjárfestinga (%)	4	5	8	5
Veitufjárlutfall (%)	162	147	207	164
Eiginfjárlutfall (%)	51	49	65	55
Arðsemi eiginfjár eftir skatta (5)	3	6	10	6
Tekjur / kostnaðarlutfall (%)	1,02	1,04	1,07	1,04
Hlutir				
Fjöldi hluta (1,000 DKK)	1,035	1,035	1,035	1,035
Hagnaður á hlut eftir skatta (DKK)	7,12	13,56	21,78	11,93
Verð hluta í lok tímabilsins	141	121	100	116
V/h hlutfall (P/E)	19,81	8,92	4,59	9,73

5 UPPLÝSINGAR UM HLUTHAFA ATLANTIC AIRWAYS

5.1 HLUTAFÉ

Hlutafé félagsins samanstendur af 1.035.000 hlutum (1.023.889 hlutir að undanskildum eigin hlutabréfum) og er hver hlutur 100 danskar krónur að nafnvirði. Einungis er um eina tegund hluta að ræða og allir hlutir hafa sömu réttindi.

5.2 HLUTHAFAR

Hluthafar	Hlutir	Hlutafé %	Atkvæðaréttur %
Vinumálaráðið (Føroya Landsstýri)	693.450	67,0	67,7
Sp/f 07.12.2007	58.269	5,6	5,7
Aðrir skráðir hluthafar	264.639	25,6	25,8
Óskráðir hluthafar	7.531	0,7	0,7
Samtals (að undanskildum eigin hlutum)	1.023.889	98,9	100,0
Eigin hlutir	11.111	1,1	0,0
Samtals	1.035.00	100,0	100,0

Hinir stóru hluthafar Atlantic Airways sbr. lög um hlutafélög eru: Vinnumálaráðið og Sp/f 07.12.2007. Hver þessara hluthafa á eignarhlut yfir 5% í félaginu. Hlutar Vinnumálaráðsins námu 67% þann 24. janúar 2014. Fjöldi skráðra hluthafa var 1.069 þann 24. janúar 2014.

5.3 HAGSMUNIR STJÓRNAR OG STJÓRNENDA

Hér að neðan eru upplýsingar um fjölda hluta og kaupréttar í eigu stjórnarmanna og stjórnenda (þar á meðal fjárhagslega tengdra aðila þeirra), eftir því sem við á.

Nafn	Hlutir	Kaupréttur
Stjórn félagsins		
Niels Mortensen, stjórnarformaður	0	0
Kaj Mortensen, varaformaður	0	0
Tezz Tordsdotter Åkerman, stjórnarmaður	0	0
Søren Jespersen, stjórnarmaður	0	0
Ingi S. Joensen, stjórnarmaður	197	0
Olaf S. Poulsen, stjórnarmaður	383	0

Æðstu stjórnendur

Jørgen Holme, CEO	0	0
Marius Davidsen, CFO	1.450	0
Joen Remmer, COO	0	0

Laun stjórnarmanna og æðstu stjórnenda eru ákveðin í samræmi við starfskjarastefnu félagsins, sem samþykkt var á aðalfundi Atlantic Airways þann 17. apríl 2012.

LAUN STJÓRNARMANNA OG ÆÐSTU STJÓRNENDA (DKK 1,000)

Stjórnin

2013

Niels Mortensen, stjórnarformaður (kom í stjórnina 8. mars 2013)	Föst laun	211
Kaj Mortensen, varaformaður (kom í stjórnina 23. apríl 2009)	Föst laun	240
Tezz Tordsdotter Åkerman, stjórnarmaður (kom í stjórnina 25. mars 2010)	Föst laun	140
Søren Jespersen, stjórnarmaður (kom í stjórnina 19. júní 2013)	Föst laun	82
Ingi S. Joensen, stjórnarmaður (kom í stjórnina 2006)	Föst laun	140
Olaf S. Poulsen, stjórnarmaður (kom í stjórnina 29. október 2010)	Föst laun	140
Bjarni A. Bjarnason (fór úr stjórninni 8. mars 2013)	Föst laun	26
Jens Wittrup Willumsen (fór úr stjórninni 14. maí 2013)	Föst laun	83

Æðstu stjórnendur

2013

Jørgen Holme, forstjóri	Föst laun	262
	Eftirlaun	35
	Bónus	0
Marius Davidsen, fjármálastjóri	Föst laun	962
	Eftirlaun	109
	Bónus	59
Joen Remmer, framkvæmdastjóri	Föst laun	828
	Eftirlaun	122
	Bónus	0
Magni Arge, fyrrverandi forstjóri (fór úr fyrirtækinu 16. nóvember. 2013)	Föst laun	1.061
	Laun sbr. starfsloka-	
	Samningur	2.709
	Eftirlaun	157

Tilboðsgjafi hefur ekki og mun ekki veita stjórnarmönnum eða æðstu stjórnendum neina kaupauka, greiðslur eða bætur sem ekki standa hluthöfum til boða samkvæmt tilboðinu.

Starfskjarastefnu Atlantic Airways og frekari upplýsingar um laun stjórnarmanna og æðstu stjórnenda má finna á heimasíðu félagsins www.atlantic.fo.

5.4 VERÐ Á HLOT OG VELTA


Hér fyrir neðan má sjá þróunina á verði og veltu hlutabréfa Atlantic Airways bæði á NASDAQ OMX Copenhagen og NASDAQ OMX Iceland.


Atlantic Airways (COP) Hlutabréf





Atlantic Airways (ICL) Hlutabréf





Á töflunni hér fyrir neðan má sjá verð hlutabréfa Atlantic Airways við lokun markaða áður en félagið birti tilkynningu sína mánudaginn 10. febrúar 2014 um hið fyrirhugaða tilboð til einkahluthafa félagsins. (Upplýsingarnar eru byggðar á lokaverði bréfa Atlantic Airways á NASDAQ OMX Copenhagen og NASDAQ OMX Iceland.).

Tíminn á undan mánudeginum 10. febrúar 2014	NASDAQ OMX Copenhagen ¹⁾	NASDAQ OMX Copenhagen ¹⁾
Einn dagur	141 (+48,9%)	148 (+41,9%)
Ein vika	145,5 (+44,3%)	148 (+41,9%)
Einn mánuður	135 (+55,6%)	138,5 (+51,6%)
Þrjú mánuðir	155 (+35,5%)	164,5 (+27,7%)

¹⁾ Prósentin sýna gengisaukann samanborið við tilboðsverðið á DKK 210.

6 MIKILVÆGIR VIÐBURÐIR FYRIR ATLANTIC AIRWAYS FRÁ 31. DESEMBER 2012

Atlantic Airways hefur gefið út eftirfarandi tilkynningar í kauphöll frá lokum fjárhagsársins 31. desember 2012:

<u>Dagsetning</u>	<u>Tilkynning</u>
12. febrúar 2013	Ársskýrsla 2012
13. febrúar 2013	Aðalfundur (fundarboð)
14. febrúar 2013	Ársskýrsla 2012 (leiðrétting)
27. febrúar 2013	Aðalfundur (fundarboð – leiðrétting))
3. mars 2013	Atlantic Airways undirskrifar aftur einn samning við Atlantis Rejser
8. mars 2013	Stjórn félagsins skipar sig
14. maí 2013	1. ársfjórðungur 2013
14. maí 2013	Jens Wittrup Willumsen fer úr stjórn félagsins
22. maí 2013	Aukaaðalfundur (fundarboð)
19. júní 2013	Niðurstöður aukaaðalfundar
9. ágúst 2013	Fárviðri veldur seinkunum og aukakostnaði
21. ágúst 2013	1. og 2. ársfjórðungur 2013
31. október 2013	1. og 3. ársfjórðungur 2013
16. nóvember 2013	Atlantic Airways útnefni nýjan forstjóra
10. desember 2013	Atlantic Airways selur RJ-85 flugvél
18. desember 2013	Birtingardagar 2014
20. desember 2013	Atlantic Airways hættir að reka sölu á tollfrjálsum varningi á Vaga flugvelli frá maí 2014
9. janúar 2014	Atlantic Airways vinnur útboð um að veita á þyrluþjónustu við Statoil
10. febrúar 2014	Atlantic Airways óskar eftir að kaupa einkahlutina í félaginu
11. febrúar 2014	Atlantic Airways leigir út eina RJ-100 flugvél til Malmø Aviation
13. febrúar 2014	Føroya Landsstýri hefur strikað lagaákvæðið um að félagið skuli vera skráð á verðbréfamarkaði

20. febrúar 2014

Vagar Airport velur að mynda nýtt félag ásamt Atlantic Airways P/F sem mun reka tollfrjálsu verslunina á flugvellinginum í Vagar

Upplýsingar um Atlantic Airways eru birtar í gegnum NASDAQ OMX og á heimasíðu félagsins. Hluthafar eru hvattir til og ráðlagt að fylgjast með þeim (þar á meðal öllum hugsanlegum fréttum sem kunna að vera birtar á tilboðstímanum).

Eins og þau eru notuð í þessu tilboðsyfirliti, skulu eftirfarandi hugtök hafa eftirfarandi merkingu:

„**Aðili**“ merkir sérhvern einstakling, fyrirtæki, hlutafélag, sameiginlegt verkefni, samstarf, samtök, sjóð, óstofnuð samtök eða annars konar lögaðila eða hóp.

„**Atlantic Airways**“ merkir Atlantic Airways P/F, skráningarnr. 1223 í fyrirtækjaskrá Færeyja, hlutafélag stofnað samkvæmt færeyskum lögum með skráða starfsstöð í Vága Floghavn, FO-380 Sørvágur, Færeyjar.

„**Einkahluthafi**“ merkir allir hluthafar í Atlantic Airways, að undanskildu Vinnumálaráðinu (Føroya Landsstýri) og Atlantic Airways.

„**Félag**“ merkir Atlantic Airways.

„**Fjármálaeftirlitið**“ merkir Fjármálaeftirlitið á Íslandi (FME).

„**Hluthafi**“ merkir hluthafa í félaginu á sérhverjum tíma.

„**Hlutir**“ merkir hluti sem gefnir eru út af Atlantic Airways, að nafnvirði 100 danskar krónur á sérhverjum tíma.

„**Lok eða frágangur tilboðs**“ merkir uppgjör tilboðsins í samræmi við skilmála og skilyrði sem sett eru fram í þessu tilboðsyfirliti og „Lokið“/ „Gengið frá“ skal túlkað í samræmi við það.

„**NASDAQ OMX Copenhagen**“ merkir NASDAQ OMX Copenhagen A/S, fyrirtækjanúmer (CVR) 19042677.

„**NASDAQ OMX Iceland**“ merkir NASDAQ OMX Iceland hf., kennitala 681298-2829.

„**Samstæða**“ merkir félagið, tengda aðila þess og dótturfélög.

„**Skilyrði**“ merkir skilyrði fyrir lokum eða frágangi tilboðs eins og þau eru sett fram í 3. kafla þessa tilboðsyfirlits.

„**Stjórn**“ merkir stjórn Atlantic Airways.

„**Tengdir aðilar**“ merkir sérhvert félag eða aðra lögaðila sem stjórna eða er stjórnað af, beint eða óbeint, félaginu, tilboðsgjafa, eftir því sem við á.

„**Tilboð**“ merkir þetta valfrjálsa tilboð.

„**Tilboðsgjafi**“ merkir Atlantic Airways.

„**Tilboðstími**“ merkir fjögurra vikna tímabil sem hefst 13. mars 2014 og rennur út þann 22. apríl 2014 kl. 16:00 (færeyskum tíma) eða þegar framlenging tilboðstímans rennur út eins og það er ákveðið af tilboðsgjafa í samræmi við 3. kafla þessa tilboðsyfirlits.

„**Tilboðsverð**“ merkir greiðsla í reiðufé að fjárhæð 210 danskar krónur fyrir hvern hlut, með hugsanlegum breytingum sem gerðar eru í samræmi við tilboðsyfirlitið.

„**Tilboðsyfirlit**“ merkir þetta skjal um valfrjálsa tilboðið sem lagt er fram af tilboðsgjafa til hluthafa.

„**Verð á hlut**“ merkir gengi á bréfum félagsins sbr. NASDAQ OMX Iceland eða NASDAQ OMX Copenhagen.

„**Virkir dagar**“ merkir alla daga sem bankar á Íslandi eru almennt opnir til að stunda viðskipti.

„**Æðstu stjórnendur**“ merkir æðstu stjórnendur Atlantic Airways.

Sørvagur þann 7. mars 2014

Stjórn Atlantic Airways P/f